

62. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 26. maí 2021, kl. 13:00 á netfundi.

**Mættir:** Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Unnur Erla Hafstað fulltrúi kennara, Sara Sigurbjörnsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Rósa Jónsdóttir boðaði forföll og ekki náðist í varamann.

## Dagskrá

### 1. Ársskýrsla

Lögð fram ársskýrsla Menntaskólans á Tröllaskaga fyrir árið 2020. Skýrsluna er að finna á vef skólans.

### 2. Niðurstöður náms á vorönn

Aðstoðarskólameistari fór yfir helstu niðurstöður vorannar sem nú liggja fyrir. Niðurstöður voru svipaðar og á haustönn 2020. Nemendaígildi voru 227 (47 staðnemar og 180 fjarnemar). Meðaleinkunn var 7,1 og brottfall 6% miðað við þá sem skiluðu sér til námsloka. Ef tekið er tillit til þeirra sem sögðu sig úr áföngum er það 10% (4% hættu formlega en 6% skiluðu sér ekki til lokamats). Að meðaltali náðu 84% nemenda áföngum og er það yfir því marki sem skólinn hefur sett sér (80%).

### 3. Innritun

Aðstoðarskólameistari fór yfir stöðuna í innritun á næstu haustönn. Nú hafa 157 nemendur verið innritaðir og nokkuð margar umsóknir bíða afgreiðslu.

### 4. Gjaldskrár

Skólameistari lagði til að gjaldskrá skólans verði óbreytt. Hún hefur verið óbreytt frá 2017 og ekki ástæða til breytinga. Gjaldskrá samþykkt óbreytt.

### 5. Haustfundur dagsettur

Skólameistari lagði til að haustfundur verði þriðjudaginn 21. september. Samþykkt.

### 6. Upplýst um ráðningar

Skólameistari gerði grein fyrir því að auglýst hefði verið eftir kennara í félagsvísindagreinum. Umsóknarfrestur er liðinn og 14 umsóknir bárust. Einnig var auglýst eftir kennara í tölvuleikjafræðum en umsóknarfrestur rennur út 28. maí. Nú þegar hafa borist 2 umsóknir. Umræður voru um ráðningar.

### 7. Önnur mál

#### 7.1 Formaður skólanefndar - ytra mat

Formaður skólanefndar sagði frá viðtali sínu við matsaðila ytra mats sem staðið hefur yfir. Viðtalið við hann gekk vel. Umræður urðu um framkvæmd ytra matsins.

#### 7.2 Samstarf SAMNOR og fleira

Skólameistari sagði frá þeim verkefnum og hugmyndum sem unnið er að í samstarfi norðlenskra framhaldsskóla. Einnig sagði hún frá fundum með háskólum varðandi skólaskil. Átti hún t.d. fund með fulltrúa HÍ.

#### 7.3 Sálfraeðingur

Dóróþea spurði eftir því hvernig málum væri háttað varðandi sálfræðiþjónustu á næstu önn. Skólameistari gerði grein fyrir því að niðurstaðan væri sú að efla þjónustu frá náms- og starfsráðgjafa og iðjubjálfa. Aðgengi verði síðan að sálfræðingi en ekki auglýst eftir honum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.